

lækna í sjer tannverk, en síðan gaf manni hjer í bæn-um, eins og líka að hún hafi haft í vörzlum sínum brauðseðil (56 aura virði), er hún kveðst hafa fundið á gólfinu í herbergi, er hún var að ræsta, og 1 sápu-stykki, er hún kveðst hafa borið upp á herbergi sitt og gleymt að bera ofan aptur. Var ákærðu kunnugt um, að húsbændur hennar áttu þetta hvorttveggja, og ljét hún fyrirfarast að skila því, þótt henni væri gefið til-efni til. Ennfremur hefur húsbóndi hennar gefið henni að sök, að hún hafi tekið úr sölubúð sinni kaffi, sykur, peninga o. fl. En þetta er ekki gegn stöðugri neitun ákærðu sannað upp á hana, og verður hún því í þessu máli að eins dæmd fyrir tókuna á tóbaksbrjefinu og meðferð hennar á brauðseðlinum og sápuþykkinu, sem af undirdómaranum með rjettu virðist vera skoðað sem þjófnadur. Hegning hinnar ákærðu, sem komin er yfir lögaldur sakamanna og ekki áður hefur verið hegnt fyrir neinn glæp, þykir samkvæmt 230. gr. hegningarlaganna hæfilega metin 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð, og þer því, með því yfirdómurinn fellst á ákvæði undirdómsins að því til málskostnaðar kemur, að staðfesta undirrettardóminn í heild sinni. Hinni ákærðu þer einnig að greiða málskostnað fyrir yfirdómi, þar með talin málfutningslaun til sóknara og svara-manns þar, 10 kr. til hvors þeirra.

Meðferð málsins fyrir undirdómi hefur verið víta-laus og málsfærslan við yfirdóminn lögmat.

Því dæmist rjett að vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Svo þer ákærðu, Sigríði Þorsteinsdóttur og að greiða allan

málskostnað fyrir yfirdómi, þar með talin málflutningslanu til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, málaflutningsmanns Páls Einarssonar og cand. jur. Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors þeirra.
Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 25/1893:

Hið opinbera

gegn

Axel Tulinius, N. B. Nielsen og
Andrjesi Andrjessyni.

D ó m u r :

Mál þetta er höfðað eptir skipun amtsins gegn hinum kærðu, fullmektugum hjá bæjarfógetanum í Reykjavík, cand. jur. Axel Tulíníus og verzlunarmönnum N. B. Nielsen og Andrjesi Andrjessyni, fyrir brot gegn tilskipun 28. marz 1855 um sunnu- og helgidagahald á Íslandi, en með lögreglurjettardómi Reykjavíkur, gengnum 29. maí þ. á., voru hinir kærðu dæmdir sýknir af kæru hins opinbera, og málskostnaður dæmdur af almannafje. Þessum dómi er af hlutaðeigandi amtmanni áfrýjað til yfirdómsins.

Eptir framburði hinna ákærðu, sem kemur heim við annað það, er upplýst er í málinu, reru hinir ákærðu 16. apríl þ. á. sjer til skemmtunar til fiskjar hjer út á grunnid; fóru þeir á stað milli kl. 3 og 4 um nóttina og þegar kl. var rúmlega 10 um morguninn. höfðu þeir fengið 158 fiska á skip og hjeldu þá í land, en þá var vedur versnað, og vindur orðinn andstaður, svo að þeim gekk seint í land og lentu þeir um